

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2016

Haldinn að Grand Hótel Reykjavík
fimmtudaginn 14. apríl 2016 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg staða - fjárfestingarstefna.
3. Erindi tryggingafræðings.
4. Kosning / skipan stjórnar.
5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
6. Kjör endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Fundarsetning

Þorsteinn Víglundsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þorsteinn gerði tillögu um Magnús Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Magnús Norðdahl tók við fundarstjórn og gerði tillögu um Árna Hrafn Gunnarsson sem fundarritara sem var samþykkt. Magnús upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og spurði fundinn hvort athugasemdir væru gerðar við lögmæti hans. Fram kom að athugasemd hefði borist frá sjóðfélaga varðandi lögmæti fundarins. Athugasemdin sneri að því að ársskýrsla sjóðsins hefði ekki verið til reiðu í bókarformi á skrifstofu sjóðsins sjö dögum fyrir fundinn. Magnús sagði að þessi athugasemd hefði skv. samþykktum ekki áhrif lögmæti boðunar og úrskurðaði hann fundinn lögmætan þar sem réttilega hafði verið til hans boðað. Engar athugasemdir voru gerðar við úrskurð fundarstjóra. Magnús gekk því næst til dagskrár. Hann lagði til að opnað yrði fyrir umræður eftir fyrstu tvo dagskrárliði sem ekki voru athugasemdir við. Gaf hann því næst Þorsteini Víglundssyni formanni stjórnar orðið.

1. Skýrsla stjórnar.

Þorsteinn Víglundsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Þorsteinn sagði árið 2015 hafa verið ánægjulegt í rekstri sjóðsins fyrir margra hluta sakir. Nafnávöxtun samtryggingardeildar nam 10,1% og hrein raunávöxtun ársins 7,7%. Þetta árið hafi innlend hlutabréf verið að skila góðri ávöxtun. Ekki hafi verið eins góð ávöxtun af erlendum hlutabréfum, bæði vegna erlendra markaða og krónunnar, en í þessu samhengi skiptir dreifing eignasafnsins miklu máli. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú jákvæð í fyrsta sinn frá árinu 2008 og mjög jákvætt að sjá þau tímamót eiga sér stað. Sameiningu við Lífeyrissjóð Vestfirðinga lauk á síðasta ári og gekk sameiningin vel. Sameiningin ætti að skila hagræðingu fyrir sjóðfélaga, ekki síst fyrrum sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, þar sem rekstur smærri lífeyrissjóða er hlutfallslega kostnaðarsamari og sameiginlegt kostnaðarhlutfall verður lægra.

Þorsteinn vakti athygi á því að örorkulífeyrisgreiðslur séu sem fyrr mjög hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins. Lífeyrissjóðir hafa fengið úthlutað framlagi af tryggingagjaldi sem nýtist til jöfnunar stöðu þeirra í örorkulífeyrisgreiðslum, en í lok árs 2014 var samþykkt á Alþingi að afnema þetta framlag í áföngum. Af þessum sökum var tilkynnt um skerðingu réttinda á síðasta ársfundi sjóðsins. Í tengslum við síðustu kjarasamninga samdist hins vegar þannig um að stjórnvöld myndu hætta við afnám framlagsins og var skerðingin dregin til baka í samræmi við það á aukaársfundi. Eftir sem áður er það mat stjórnar Gildis að núverandi skipting örorkuframlags sé ekki í samræmi við raunverulega

MMW
Allc

örorkubyrði einstakra lífeyrissjóða og því nauðsynlegt að taka upp viðræður við stjórnvöld um endurskoðun á þessari skiptingu.

Nokkur aukning hefur orðið á lánveitingum til sjóðfélaga. Gildi hóf á árinu að bjóða upp á óverðtryggð lán til viðbótar við verðtryggð lán. Markmið sjóðsins er að bjóða samkeppnishæf kjör í þessum lánveitingum og endurspeglar það vilja sjóðsins til þess að vera bakhjarl sjóðfélaga sinna í þessari mikilvægu fjárfestingu sem kaup á húsnæði er.

Hvað snertir fjárfestingar námu fjárfestingar í verðbréfum og lánveitingar um 60 milljörðum króna. Á sama tíma seldi sjóðurinn verðbréf fyrir um 30 milljarða króna auk þess að fá um 17 milljarða króna til ráðstöfunar vegna afborgana af verðbréfum. Mest var um fjárfestingar í innlendum hlutabréfum og sértryggðum skuldabréfum banka. Ljóst er að fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða í gjaldeyrishöftum eru þröngar skorður settar. Þorsteinn taldi afar brýnt þegar kæmi að losun gjaldeyrishafta að ekki kæmi til sérstakra takmarkana gagnvart lífeyrissjóðum. Staðan sé nú sú að gjaldeyrisinnstreymi hafi aukist og vandinn snúist fremur um styrkingu krónu og því ekki forsendur fyrir slíkum takmörkunum.

Ný hluthafastefna sjóðsins var samþykkt á síðasta ári. Hluthafastefnan mælir fyrir um það hvernig sjóðurinn beitir sér sem eigandi í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Um er að ræða mikilvægt skref í starfsemi sjóðsins og sjóðurinn að mörgu leyti verið í fararbroddi á þessu sviði. Afar brýnt er að sjóðurinn sé virkur hluthafi og leggi áhersu á góða og vandaða stjórnarhætti.

Þá nefndi Þorsteinn að lífeyriskerfið væri í öfundsverðri stöðu í samanburði við aðrar þjóðir varðandi fjármögnun, en hins vegar stæði kerfið frammi fyrir áskorunum. Þær tengjast meðal annars hækkandi lífaldri þjóðarinnar sem þó eru jákvæðar fréttir í sjálfu sér. Í umræðunni meðal aðila vinnumarkaðarins hefur verið að mæta þessari stöðu með hækkun á lífeyristökualdri í áföngum úr 67 árum í 70 ár á næstu tveimur áratugum eða svo.

Þorsteinn vék því næst að því að mikilsverður áfangi hafi náðst á síðasta ári er snýr að jöfnun réttinda við opinbera starfsmenn, en samið var um hækkun lífeyrisréttinda í kjarasamningum í áföngum, til samræmis við réttindi opinberra starfsmanna. Vonandi náist með þessu hinn jákvæði áfangi að réttindi verði jöfn milli kerfa.

Þorsteinn lauk máli sínu á því að þakka stjórn og starfsfólki fyrir samstarfið á liðnu ári.

2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg staða - fjárfestingarstefna.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu. Helstu atriði erindis hans komu fram í kynningu sem Árni tók fram að yrði aðgengileg á heimasíðu sjóðsins eftir fundinn. Árni nefndi að inn í umfjöllun hans yrði fléttað svörum við spurningum sem bárust frá Jóhanni Páli Símonarsyni sjóðfélaga, þar sem þær snerust flestar að eignum sjóðsins og fjárfestingum hans. Árni byrjaði á því að nefna að ársreikningur sjóðsins hefði ekki verið aðgengilegur á bókarformi sjö dögum fyrir fund þar sem tekið hafi verið upp samstarf við nýjan aðila varðandi uppsetningu ársskýrslunnar auk nýrra reglna varðandi ársreikninga. Hins vegar var ársskýrslan aðgengileg á netinu sjö dögum fyrir fundinn og hægt að fá hana útprentaða á skrifstofu sjóðsins.

Árni gerði grein fyrir því að hrein eign til greiðslu lífeyris hafi numið 455 milljörðum króna í árslok og að hún hafi aukist um 84 milljarða króna á árinu. Þessi aukning skýrist að miklu leyti af sameiningu við Lífeyrissjóð Vestfirðinga og hafa iðgjöld verið að aukast að sama skapi. Iðgjöld jukust um 25,3% milli ára á sama tíma og lífeyrisgreiðslur jukust um 18,6%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur batnað töluvert milli ára og var jákvæð um 1,4% í árslok. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar var

7,7% á árinu og fór Árni jafnframt yfir raunávöxtun einstakra séreignarleidda. Góð ávöxtun ársins 2015 var borin uppi af ávöxtun innlendra hlutabréfa, skráðra og óskráðra. Árni fór jafnframt yfir nafn- og raunávöxtun einstakra deilda á árinu og meðaltal hreinnar nafn- og raunávöxtunar hjá deildum sjóðsins síðustu fimm ár, en meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu fimm ár er 6,3%.

Farið var yfir fjárfestingartekjur á árinu 2015, sem námu um 41 milljarði króna, og fjárfestingar- og rekstrarkostnað, sem nam um 700 milljónum króna. Spurning barst frá sjóðfélaga fyrir fundinn varðandi af hverju kostnaður hefði hækkað svo mikið milli ára. Árni benti á að ef horft væri til sameiginlegs kostnaðar Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga frá árinu áður (fyrir sameiningu) þá hefði kostnaður lækkað milli ára, þótt kostnaður hafi hækkað sé hann eingöngu borinn saman við Gildi fyrir sameiningu. Hækkun kemur aðallega til vegna fleiri starfsmanna, almennra launahækkana og einskiptiskostnaðar vegna sameiningar. Árni fór því næst yfir stærstu liði rekstrarkostnaðar, s.s. laun, tölvu- og hugbúnaðarþjónustu, útsendingu yfirlita, eftirlitskostnað, endurskoðun, sérfræðikostnað o.fl.

Árni vék því næst að efnahagsreikningi. Fjárfestingareignir sjóðsins námu um 444 milljörðum króna í árslok 2015 og hrein eign til greiðslu lífeyris nam um 455 milljörðum króna, samanborið við um 371 milljarð króna árið áður. Þá var farið yfir yfirlit um sjóðstreymi á árinu, inngreiðslur námu um 80 milljörðum króna og útgreiðslur um 14 milljörðum króna. Kaup á verðbréfum námu um 60 milljörðum króna. Sjóðir í árslok námu um 9 milljörðum króna. Farið var yfir helstu kennitölur samtryggingardeildar og samanburð við árið áður, m.a. hreina raunávöxtun, hreina raunávöxtun 5 og 10 ár aftur í tímann, og rekstrarkostnað sem hlutfall af eignum, en hann hefur lækkað milli ára. Lífeyrisþegar voru 20.580 í árslok 2015 og virkir sjóðfélagar 30.846.

Árni gerði grein fyrir helstu fjárfestingum ársins 2015 eftir eignaflokkum, bæði kaup, sölu og nettóviðskipti í hverjum eignaflokki. Farið var yfir helstu fjárfestingar innanlands í hlutabréfum og skuldabréfum og útgefendur verðbréfa nefndir í því samhengi. Árni nefndi að töluverð aukning hafi orðið á sjóðfélagalánum á árinu. Gerð var grein fyrir nafnávöxtun einstakra eignaflokka samtryggingardeildar á árinu 2015, en innlend hlutabréf gáfu besta ávöxtun þetta árið. Farið var yfir ávöxtun samtryggingardeildar undanfarin 10 ár. Ávöxtun ársins 2015 var síðan borin saman við ávöxtun annarra lífeyrissjóða, ásamt meðaltali ávöxtunar sjóðanna. Verðbréfaeign samtryggingardeildar í lok árs 2015 var tilgreind ásamt skiptingu hennar í einstaka eignaflokka. Þá var farið yfir stærstu eignir sjóðsins í einstökum eignaflokkum. Sérstaklega var farið yfir staðsetningu eigna sjóðsins erlendis, en þetta var tekið saman m.a. vegna spurningar frá sjóðfélaga sem barst fyrir fundinn. Sjóðurinn átti í árslok síðasta árs um 120 milljarða króna í 58 erlendum hlutabréfasjóðum, sem staðsettir eru í 10 löndum, mest í Írlandi, Luxemborg og Bandaríkjunum. Þá var farið yfir helstu erlenda fjárvörsluaðila sem sjóðurinn á í viðskiptum við. Fjárfestingargjöld sjóðsins voru tilgreind og sundurliðuð og fela í sér öll gjöld og allar þóknanir fjármálafyrirtækja og sjóða vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum Gildis. Þessi gjöld nema um 0,95% af undirliggjandi eignum, en 0,6% af undirliggjandi eignum ef aðeins er horft til samtryggingardeildar. Þessu næst gerði Árni grein fyrir fjárfestingarstefnu ársins 2015. Áfram er um að ræða rúm vikmörk í stefnunni þar sem markaðs- aðstæður kalla á sveigjanleika. Farið var yfir eignaskiptingu í samræmi við fjárfestingarstefnuna og vikmörk hverju sinni. Einnig var með sama hætti farið yfir fjárfestingarstefnu séreignardeilda. Óskað hafði verið eftir sundurliðun á því hvert tap sjóðsins hefði verið vegna hrunsins 2008 í spurningu sjóðfélaga sem barst fyrir fundinn, en ekki var talin ástæða til þess að gera sérstaklega grein fyrir því þar sem efni fundarins væri síðastliðið starfsár og gerð hefði verið grein fyrir þessu áður, bæði í ársskýrslum sjóðsins og á ársfundum.

Þá hafði verið spurt hverjir hafi tekið ákvörðun um að fjárfesta í Fáfni Offshore og hversu mikið hlutur í því félagið hefði rýrnað. Árni tók fram að Gildi hefði ekki fjárfest í fyrirtækinu, en hins vegar hefði sjóðurinn fjárfest í tveimur framtakssjóðum sem fjárfest hefðu í þessu félagi. Sjóðurinn hefði ekki haft

MM
ALC

aðkomu að ákvörðun um þessa fjárfestingu eða rekstri félagsins. Endanleg niðurstaða fjárfestingar Gildis í þessum framtakssjóðum mun velta á því hvernig eignasafni sjóðanna muni vegna í heild sinni.

Árni fór yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar. Um var að ræða hefðbundna úttekt eins og verið hefur undanfarin ár. Staðan hefur batnað milli ára úr því að vera neikvæð um 0,9% í það að vera jákvæð um 1,4%. Farið var yfir þróun tryggingafræðilegrar stöðu undangengin 10 ár.

Árni gat þess að lokum að spurning hefði borist frá sjóðfélaga fyrir fundinn varðandi hvort stjórnarmenn eigi bankareikninga í erlendum bönkum eða aflandsfélög. Stjórn ákvað að rétt væri að upplýsa um þetta og kom fram að stjórnarmenn ættu ekki slíkar eignir, en ekki tókst þó að afla staðfestingar frá einum stjórnarmanni fyrir fundinn. Framkvæmdastjóri gat þess einnig að það sama gildi um hann, ekki væru slíkar eignir til staðar.

Magnús Norðdahl fundarstjóri opnaði þessu næst mælendaskrá um þessa tvo dagskrárliði og bað þá sem vildu taka til máls að láta sig vita.

Örn Pálsson óskaði eftir að taka til máls. Hann gat þess að hann taldi ársskýrslu sjóðsins vel unna og upplýsandi. Hann gat þess að gjaldeyrishöft settu sjóðnum þröngar skorður, en eignir sjóðsins erlendis voru 120 milljarðar í árslok. Taldi Örn að fara ætti varlega í erlendar fjárfestingar og velti því upp hvort vænlegt væri að ræða við aðra lífeyrissjóði um að sameinast um erlendar fjárfestingar. Mikil áhætta væri þarna undir og íslenskir sjóðir litlir í alþjóðlegu samhengi. Því var beint til stjórnarformanns að upplýsa um sína skoðun og hvort þetta hefði verið rétt.

Örn fagnaði sérstaklega fjölgun á lánnum til sjóðfélaga. Hann taldi ástæðu til þess að gera enn betur og hækka veðsetningarhlutföll upp í allt að 80%. Hann spurði hvort slíkt væri mögulegt og hvort þetta hefði verið rétt á vettvangi stjórnar.

Einnig óskaði Örn upplýsinga um stöðu viðræðna um kaup á hlutabréfum í Arion banka.

Að lokum óskaði Örn eftir afstöðu stjórnarformanns og varaformanns til hugmynda Samtaka spari fjáreignenda um að lífeyrissjóðir komi á fót kjararáði.

Árni Guðmundsson svaraði fyrirspurn Arnar varðandi viðræður um Arion banka. Þessar umræður hófust í nóvember en málið hefur dregist mjög, m.a. vegna stjórnarskipta hjá viðsejendum, og litlar viðræður farið fram í nokkurn tíma. Vonir standa til þess að viðræður verði teknar upp innan skamms.

Þorsteinn Víglundsson tók því næst til máls. Hann nefndi varðandi erlendar fjárfestingar að það hafi verið stefna sjóðsins að bæta við erlendar eignir ef kostur er, í ljósi þverrandi kosta heima fyrir, m.a. niðurgreiðslu ríkisskulda og smáum hlutabréfamarkaði. Ekki megi gleyma því að sjóðurinn er langtímafjárfestir. Markaðir sveiflast mikið og þess vegna skiptir máli að vera með dreift eignasafn á sem flestum stöðum. Fyrir ekkert svo mörgum árum hafi erlenda eignasafnið verið kjölfestan í eignasafninu. Hvað snertir samstarf við aðra lífeyrissjóði nefndi Þorsteinn að sjóðurinn ætti í samstarfi við erlenda sérfræðinga varðandi erlendar fjárfestingar. Mikið væri lagt upp úr vali á samstarfsaðilum ásamt því að leggja áherslu á að lágmarka kostnað í tengslum við þessar fjárfestingar, sem gengið hefði vel.

Varðandi hækkan veðsetningarhlutfalls sjóðfélagalána nefndi Þorsteinn að sjóðnum væri ekki heimilt að fara umfram 75% veðsetningarhlutfall.

Hvað varðar kjararáð og það að lífeyrissjóðir komi sameiginlega að ákvörðun launakjara æðstu stjórnenda sagði hann sig ekki fylgjandi því. Slíkt samstarf gæti orðið stirt, vakið upp spurningar og

verið erfitt í framkvæmd. Sjóðurinn legði hins vegar mikla áherslu á að starfskjarastefnur væru vandaðar og að gegnsætt væri hvernig fyrirtæki starfi í þessu samhengi, þannig að hægt væri að sjá hvernig laun eru ákvörðuð og hvað þau eru há. Reglulega væri farið yfir það í stjórn hvernig þessu væri háttað. Lífeyrissjóðir eigi að sinna eftirliti en kjararáð sé ekki rétta svarið, hver sjóður um sig ætti að sinna þessu með sinni hluthafastefnu.

Harpa Ólafsdóttir varaformaður svaraði Erni varðandi kjararáð. Hún taldi sameiginlega greiningarvinnu vera mikilvæga og að slík vinna gæti til dæmis farið fram á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða. Gildi hefur verið að sinna þessum verkefnum sjálfstætt, en það gæti hins vegar verið styrkur í því að framkvæma þetta miðlægt innan vébanda Landsamtakanna.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Fundarstjóri lokaði því mælendaskrá og gekk til næsta dagskrárliðar.

3. Erindi tryggingafræðings.

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur fékk orðið. Hann ætlaði sér að fara yfir útreikninga á lífeyrisskuldbindingu sjóðsins. Mjög mikilvægt væri að sjóðfélagar áttuðu sig á því hvernig þessar skuldbindingar eru reiknaðar. Til dæmis er vænt ávöxtun eignasafns fram í tímann reiknuð sem 3,5% verðtryggt ávöxtun, sem sé meðaltal ávöxtunar verðbréfamarkaða langt aftur í tímann miðað við tiltekna forsendur. Meginmarkmið lífeyrissjóða sé að greiða sanngjarnan lífeyri hverju sinni, ekki of mikinn og ekki og lítinn, því það hefur áhrif á skiptingu réttinda milli kynslóða. Samtrygging felur í sér að ellilífeyrir er greiddur til æviloka og velta þá greiðslur á ævilengd hvers og eins. Þeir sem verða óvinnufærir og börn þeirra eftir atvikum fá lífeyri. Makar og börn þeirra sem deyja fá tímabundinn lífeyri. Ekki er gert upp á milli karla og kvenna og eignir eru ávaxtaðar í sama potti.

Skýlt er samkvæmt lögum að gera tryggingafræðilega athugun einu sinni á ári, sem felur í sér að reikna þurfi hversu mikið sjóðurinn þarf að eiga til þess að geta greitt þann lífeyri sem hann hefur skuldbundið sig til þess að greiða. Lögð hefur verið áhersla á að kanna hvernig lífeyrir skiptist eftir tegundum og árgöngum. Skuldbindingar sjóðsins hafa jafnt og þétt verið að aukast byggt á reynslu fortíðar varðandi lífslíkur. Í hvert sinn sem nýjar töflur sem byggja á fortíð hafa verið reiknaðar lengist meðalævin. Með því hins vegar að líta eingöngu til fortíðar er verið að lofa of miklum lífeyri, mest til þeirra sem yngstir eru. Vigfús fór í þessu samhengi yfir línurit sem sýnir þessa þróun með myndrænum hætti fyrir tímabilið 1966-2011. Nú sé farið að skoða lífslíkur bæði út frá fortíð en einnig út frá spá um það hvernig þær kunna að breytast með því að horfa til þróunar undanfarinna áratuga. Búið er að gera bráðabirgðaútreikninga á þessu og fór Vigfús yfir áætlaðar lífslíkur nokkurra árganga í dæmaskyni. Væntingar eru um að þessar tölur verði gefnar út á seinni hluta þessa árs og notaðar við næstu tryggingafræðilegu úttekt sjóðsins.

Fram að þessu hefur sami lífaldur verið notaður fyrir alla árganga. Þetta breytist núna með þeim hætti að mismunandi lífaldur verður áætlaður fyrir hvern árgang. Það hafi legið fyrir lengi að þetta sé eitthvað sem þurfi að gera. Þetta hefur verið framkvæmt í mörgum löndum erlendis og mun sú reynsla nýtast. Sé lítið til stöðu Gildis í árslok 2015 eru eignir 4,7% hærri en skuldbindingar. Næst þegar skuldbindingar verða reiknaðar verður miðað við lengri meðalævi. Vigfús fór yfir það hvaða áhrif lengri meðalævi hefur á greiðslur til einstakra árganga, sem hann sagði fela í sér að óbreyttu að verið væri að lofa þeim yngstu of miklu og ekki hægt að greiða þeim þennan lífeyri. Ekki er endanlega búið að ákvarða hvernig tekið verður á þessu, en það verður að gera á einn eða annan hátt. Væntanlega verður brugðist við þessu með því að hækka lífeyristökualdur í skrefum til 70 ára aldurs. Á hinn bóginn verður sjóðurinn að standa við þegar áunnar skuldbindingar í samræmi við samþykktir og ekki nákvæmlega ljóst hvernig það verður útfært. Útbúa þarf nýjar réttindatöflur og þarf innvinnsla réttinda að taka mið af því að innvinnsla þeirra yngstu verði í samræmi við það að þeir lifi lengur en þeir elstu.



Sjóðurinn stendur hins vegar vel og getur tekist á við þetta. Þeir yngstu verða fyrir mestum áhrifum en hafa líka mestan tíma til undirbúnings.

Fundarstjóri bað þá sem vildu taka til máls um þennan dagskrárlið að láta sig vita.

Sigurður Bessason bað um orðið. Hann spurði hvort skoðað hefði verið hvernig örorkulíkur spila saman við lengingu lífaldurs. Væntanlega myndu þær hafa áhrif til lengri tíma. Jafnframt spurði hann hvort mögulegt væri að reikna út mismunandi lífslíkur fyrir mismunandi lífeyrissjóði. Þar sem sjóðfélagar vinna erfiðisvinnu eru mögulega lægri lífslíkur sem taka þyrfti tillit til.

Finnbogi Sveinbjörnsson óskaði einnig eftir að taka til máls. Hann velti því jafnframt upp hvort sömu útreikningsaðferðir væru notaðar á alla sjóði eða hvort örorkubyrði væri eitthvað tekin með í reikninginn.

Vígús Ásgeirsson svaraði þessum fyrirspurnum. Hann sagði í nokkrum tilfellum hafa verið gerðar rannsóknir á því með tilliti til lífslíkna hvort það sé merkjanlegur munur milli lífeyrissjóða. Þetta hefði ekki verið gert skipulega en þetta hefði ekki sýnt fram á neinn mun. Varðandi áhrif örorkulíkna á lífslíkur, hvort það sé tekið með í reikninginn, þá sagði hann það ekki vera gert. Hins vegar liggur nú fyrir að leitast verður eftir því að meta hvað ólík örorkubyrði hefur á lífslíkur hjá lífeyrissjóðum og verður það gert á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða. Ef allt gengur vel og allir vilja taka þátt þá kemur vonandi niðurstaða í haust. Þetta sé hins vegar flókið mál. Varðandi útreikningsaðferðir sé í grunninn verið að nota sömu aðferðirnar, sömu lífslíkur og sama örorkuálag, en með álagi og frádrætti eins og við á hjá hverjum sjóði.

4. Kosning/skipan stjórnar.

Fundarstjóri upplýsti að eingöngu væri kosið um fulltrúa launafólks þar sem atvinnurekendur skipa sína menn í stjórn og að aðeins fulltrúar launafólks hafi atkvæðisrétt.

Fundarstjóri las þessu næst tillögu kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launafólks til tveggja ára, til ársfundar 2018:

Aðalmenn: **Guðmundur Ragnarsson**
Konráð Alfreðsson

Varamenn: **Árni Bjarnason**
Lilja K. Sæmundsdóttir

Ekki komu fleiri tillögur fram og var tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2018:

Aðalmenn: **Áslaug Hulda Jónsdóttir**
Þórunn Liv Kvaran

Varamenn: **Gylfi Gíslason**
Karen Kjartansdóttir (til eins árs, til ársfundar 2017)

5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um laun stjórnarmanna. Gerð var tillaga um að mánaðarlaun aðalmanns verði 108.018, laun formanns verði tvöföld eða kr. 216.036 og laun varaformanns verði kr. 162.027. Ef varamaður tekur sæti í stjórn greiðast kr. 54.009 fyrir hvern setinn stjórnarfund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í hverjum mánuði skal greiða aukalega fyrir hvern setinn fund. Stjórnarmaður skal fá sömu greiðslu og varamenn fá greitt fyrir hvern setinn fund og formaður og varaformaður í sömu hlutföllum og að framan greinir. Enginn óskaði þess að taka til máls. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að ársfundurinn samþykki að endurskoðandi sjóðsins verði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Önnur mál.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður undir liðnum önnur mál.

Sigurður Bessason bað um orðið. Hann þakkaði stjórn fyrir að hafa unnið úr erfiðri stöðu og hægt og bítandi fetað sig á réttar slóðir varðandi upplýsingagjöf. Hann fagnaði því hvað ársskýrsla sjóðsins væri greinargóð og skýr og að hún svari að hluta þeirri gagnrýni sem verið hefði gegnum árið. Óskaði hann stjórn sjóðsins til hamingju með þetta og taldi þetta vera til velfarnaðar fyrir sjóðinn.

Finnbogi Sveinbjörnsson óskaði einnig eftir því að taka til máls. Hann vakti athygli á því að upplýsingagjöf sé mikilvæg. Lífeyriskerfið sé mikið talað niður. Hann beindi því til stjórnar sjóðsins og framkvæmdastjóra að upplýsa vel og vandlega, ekki bara á ársfundum, heldur í opinberri umræðu fyrir hvað kerfið stendur, hvernig sjóðfélagar standa sem lenda í áföllum og hverjar greiðslur eru inn í sjóðina og út úr þeim þegar upp er staðið. Alls kyns tröllasögur koma fram um aðila sem greiða tugi milljóna til sjóðanna en fá lítið til baka. Tók Finnbogi dæmi af 33 ára aðila sem hefur greiðslur til sjóðsins við 20 ára aldur en lendir í alvarlegu slysi og fær greiddan örorkulífeyri frá þeim aldri. Slíkur aðili fái umtalsvert meira greitt frá sjóðnum en hann greiðir til hans. Þetta ágæta kerfi tryggir gott bakland og líklega hvergi hægt að kaupa svo góða tryggingu. Mikilvægt sé að halda áfram að veita upplýsingar og fræðslu um kerfið.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þar sem dagskrá fundarins var tæmd gaf fundarstjóri **formanni stjórnar** orðið sem þakkaði fyrir samstarfið á liðnu ári og sleit fundi.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 46 fulltrúar launamanna og 7 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var um 90 manns.


Magnús Norðdahl fundarstjóri


Árni Hrafn Gunnarsson fundarritari